





Málverkið, Ilmur jarðar, er síðasta myndin sem ég málaði fyrir hléið sem ég tók vegna undirbúnings sýningarinnar. Getur jafnt vísað til gróandans í sjálfum sér og hinnar miklu umræðu um náttúruvernd sem nú á sér stað, allt gert með fulltingi og og brögðum listarinnar.

Fyrirsætan var ung og falleg skólastúlka sem kom með námsbækurnar með sér og las í hinum svonefndu tíu mínútna pásum (hléum) sem voru á tuttugu mínútna fresti. Hún hafði afskaplega fallega og samsvarandi líkmasbyggingu sem ætti að koma vel fram á myndinni. Má alveg segja að við listspírurnar í klassa Jean Heibergs hreinlega elskuðum hana. Hún bar af sér yfirburða góðan þokka var róleg og prúð en fáskiptin og held að enginn hafi kynnst henni svo heitið geti. Hún varð yfirmáta þakklát þegar ég gaf henni eitt málverkið sem ég málaði af henni en í minni stærðinni og það var hlýja i augnaráðinu sem hún sendi mér eftir það. Þetta var síðasta teikningin af fyrirburðinum fagra á skólaárinu 1955-56, næst tóku Rómaborg og Flórenz við með allan sinn lífspúls og mikilfenglegu fortíð umbergis.



Þetta málverk er gott dæmi um þau tilvik er hinn upprunalegi ásetningur fer út af sporinu og málverkið sjálft ræður för. Hef lengi haft áhuga á að nýta mér færni mína í listrænum mannamyndum, og ég átti mjög auðvelt með að ná svipum fólks eftir árin í Kaupmannahöfn og Osló. En það var einfaldlega ekki inn í myndinni á þeim tíma. það sem hér skeði var að mér fannst ég hafa náð persónu viðfangsins, þótt frúin fagra sé í raun ljós yfirlitum, sem er svo einmitt draumur hvers málara. Landafræði andlitsins hefði eyðilagt heildarsvipinn og vísa má til þess að hver litur býr yfir afstæði og afstæðri merkingu. Í austurlöndum fjær eins og Japan er svart litur gleðinnar en hvítt sorgarinnar, vel að merkja.

raga Ásgeirssonar